

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

30.12.2020

Varðar: Rekstur, eignarhald og endurbætur á Félagsheimili Súgfirðinga á Suðureyri.

Ágæta Bæjarráð.

Frá stofnun árið 2009 hafa Hollvinasamtök Félagsheimilis Súgfirðinga, Hofsú, staðið að rekstri og umsjón Félagsheimilisins á Suðureyri. Var í upphafi gerður samningur á milli eigenda og Hofsú sem er nú fyrir löngu útrunninn. Samt sem áður hafa samtökin haldið áfram rekstri eins og samningurinn væri í gildi.

Skv. gögnum frá fyrri tíð var upphaflegt eignarhald á húsinu sem hér segir:

- 35% Suðureyrarhreppur
- 15% Kvenfélagið Ársól
- 15% Verkalýðs- og sjómannafélagið Súgandi
- 15% Íþróttafélagið Stefnir
- 10% Stúkan Dagrún nr. 178
- 10% Skátafélagið Glaðherjar

Með samfélagspróun verða breytingar og virðist sem eignarhlutir Stúkunnar og Skáta hafa runnið til hreppsins því árið 1992 eða fjórum árum fyrir sameiningu sveitarfélaganna var hlutur hreppsins orðinn 55% og stúkunnar og skátanna ekki lengur getið sem eigenda. Eignarhaldið hefur verið bundið í félag sem heitir Félagsheimili Súgfirðinga með kt. 540169-3579. Þá væntanlega hafa framantaldir eigendur staðið að því félagi. Þetta félag er í dag þinglýstur eigandi fasteignarinnar Aðalgötu 13 (félagsheimilisins) en var samt einhverra hluta vegna afskráð þ. 29.5.1998 og rekstur færður yfir á kennitölu hins nýja Ísafjarðarbæjar sem þá var orðinn eigandi í stað gamla Suðureyrarhrepps eftir sameiningu sveitarfélaganna í maí 1996. Í skjali dags. 1.6.1992 gera ofantaldir aðilar með sér samning um þessa eignaskiptingu, rekstur og framkvæmdir. Skjalið var fært til þinglýsingar en þinglýsingu síðan hafnað, væntanlega vegna einhvers formgalla. Í skjalinu koma m.a. fram kvaðir varðandi framsal á eignarhlutum. Allavega í tvígang hefur reynt á þær kvaðir. Þær ganga út á að ef eignaraðili vill framselja sinn hlut þurfi samþykki allra hinna eigenda fyrir því.

Síðan að Ísafjarðarbær varð til hafa þær breytingar orðið á eignarhaldinu að Verkalýðs- og sjómannafélagið Súgandi sameinaðist öðrum verkalýðsfélögum á Vestfjörðum undir nafni Verk-Vest þann 1.1.2004 og þar með fylgdi 15% eignarhlutinn í Félagsheimilinu. Eftir stofnun Hofsú vorið 2009 ákvað Verk-Vest að þar sem það þjónaði ekki hagsmunum félagsins að eiga þennan hlut, að afhenda Hofsú hann til eignar. Var skv. kvöðinni í eignaskiptasamningnum leitað samþykkis meðeigenda fyrir gjörningnum og fékkst samþykki fyrir því, allavega af hálfu Ísafjarðarbæjar. Í dag hefur þessari breytingu á eignarhaldinu ekki verið þinglýst.

Á þeim tíma sem liðinn er frá stofnun hafa samtökunum frá velunnurum hússins borist styrkir sem hafa ásamt rekstrarafgangi verið nýttir til að bæta ásýnd og ástand húss og muna eins og kveður á í samningnum. Sem dæmi má nefna að húsið hefur verið heilmálað að utan, borð og stólar endurnýjuð ásamt eldhústækjum og keyptur skjábúnaður fyrir miðlun á myndefni. Einnig hefur baksviðsaðstaða í kjallara sem árum saman var ónothæf vegna vatnselgs verið gerð upp í nothæft ástand í framhaldi af endurgerð á frárennislögnum utanhúss samfara endurbyggingu Brekkustígs innan við húsið. Samkvæmt áðurnefndum samningi var hlutur Ísafjarðarbæjar að standa straum af kostnaði við orkukaup, fasteignagjöld og innri leigu og skoðunargjöld heilbrigðiseftirlits. Hefur bærinn staðið við sinn hlut allan tímann líkt og samningurinn væri enn í gildi.

Ástand hússins í dag er að mestu leyti þokkalegt. Þak var endurnýjað fyrir um aldarfjórðungi og hefur lítið látið á sjá. Helst er að nefna að viðbygging ofan við húsið utanvert þar sem áður voru baðklefar er ónýt og plagar húsið. Hluti þeirrar byggingar hefur verið nýttur sem geymsla fyrir borð og stóla sem tilheyra salnum. Þakið á þeim hluta lekur og hefur einhverntíma brotnað undan snjópunga og bráðabirgðaviðgerð látin duga. Gólf er brotið á kafla og er geymslan óupphituð. Hún er því ekki boðleg fyrir nýendurnýjaðan búnað salarins.



Mynd 1. Viðbygging í núverandi ástandi.

Til að bæta úr ástandinu og laga ásýnd og notagildi hússins hefur Hofsú látið vinna fyrir sig hönnun á endurbyggingu þessa hluta hússins. Sú hönnun gerir ráð fyrir að núverandi viðbygging verði rifin og ný byggð frá grunni. Hlutverk hennar verður að hýsa áðurnefnda stóla- og borðageymslu fyrir salinn og einnig ný klósett fyrir húsið. Núverandi klósett eru þröng og t.a.m. engin aðstaða fyrir fatlaða.



Mynd 2. Ný viðbygging ásamt útisvæði.

Þessar breytingar telur Hofsú nauðsynlegar fyrir húsið svo það nái að þjóna sínu hlutverki á boðlegan hátt til framtíðar. Að auki er gert ráð fyrir því að fá útisvæði sem mætti byggja upp í framhaldi. Gott skjól er ofan við húsið og sólríkt á sumardögum.

Til að þetta sé mögulegt þurfa eigendur að snúa bökum saman. Ekki gengur að hafa viðbygginguna í því ástandi sem hún er til lengdar. Það mun á endanum valda skemmdum á húsinu auk þess sem hún er til lýta fyrir húsið og umhverfi þess. Hofsú hefur nú sett þessa framkvæmd í umsóknarferli. Í framhaldi var ætlunin að banka upp á hjá Ísafjarðarbæ með það fyrir augum að bærinn tæki þátt í fjármögnun á verkefninu þegar kostnaðaráætlun væri orðin fyrirbyggjandi. Til að gera langa sögu stutta þá gengur það ekki upp að annar en eigandi fasteignar sækir um leyfi fyrir álíka framkvæmd. Hofsú er ekki skráður eigandi og ekki heldur Ísafjarðarbær. Þinglýstur eigandi er hið afskráða félag, Félagsheimili Súgfirðinga.

Það sem Hofsú óskar eftir af hálfu Ísafjarðarbæjar er:

- Að eignarhaldi á húsinu verði komið í skikk og því þinglýst á löglegan máta. Það lítur út fyrir að það geti verið verkefni fyrir löglærða.
- Að samningur um rekstur hússins verði framlengdur, helst til langrar framtíðar.
- Að bærinn komi að fjármögnun verkefnisins um endurnýjun viðbyggingar sem að ofan er lýst.

Við óskum eftir viðræðum við bæjaryfirvöld vegna ofantalinna atriða og vonum að hægt sé að verða við því.

Virðingarfyllt,

F.h. Hofsú, Hollvínasamtaka Félagsheimilis Súgfirðinga,

Valur S. Valgeirsson formaður stjórnar.